

Kjarasamningur milli Samiðnar og Félag pípulagningameistara með gildistíma frá og með 1.5.2015 er borinn aftur upp til atkvæðagreiðslu óbreyttur að undanskildu breytingu á grein 1.1.4 ásamt bókunum.

Breytingar á ákvæðu aðalkjarasamnings grein 1.1.4 sem átti að taka gildi 1 maí 2016 verði svohljóðandi með breytingu;

Grein 1.1.4 verður eftir breytingu;

Við ráðningu skal upplýsa starfsmann um hvort orlofs- og desemberuppbætur séu innifaldar í umsömdu tímakaupi og skal það jafnframt tilgreint á launaseðli. Á launaseðli skal sérstaklega tilgreina fjárhæð uppbóta og aðgreina frá tímakaupi.

Gildir frá 1.5.2015: Ákvæði um greiðslu uppbóta jafnharðan falla á brott.

Bókun varðandi gildistíma greinar 1.1.4.

Fyrirtæki hafa 6 mánaða aðlögunartíma til að verða við þessari breytingu eða til lok október 2015.

Bókun varðandi frítímatryggingu.

Ef starfsmaður óskar eftir því að fá frítímatryggingu í samstarfi við sinn atvinnurekanda verði leitist við því að fá sem hagstæðustu kjör fyrir starfsmanninn í gegnum tryggingar fyrirtækisins.

Kosning hefst þriðjudaginn 4 ágúst og henni lýkur mánudaginn 17 ágúst að miðnætti.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir hádegi þann 18. ágúst 2015.

F. h. Samiðnar

F.h. Félags Pípulagningameistara